

Ed.

335. Nefndarálit

um tekjubálk frumvarps til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Enda þótt háttvirt neðri deild hafi fært niður tekjuáætlun þá, sem gerð er í fjárlagafrumv. stjórnarinnar fyrir árin 1918 og 1919, um 240000 kr. á fjárhagstímabilinu, þá verður þó nefndin að leggja til, að farið sje nokkru lengra í þeirri niðurfærslu á einstökum tekjuliðum. Hins vegar hefir nefndin hækkað nokkra tekjuliði með tilliti til aukinna tekna, sem búast má við að lög frá þessu þingi hafi í för með sjer. Þótt nefndin geti auðvitað engu spáð um það, hve nær stríðið verður á enda, þá hefir hún þó ekki talið ólíklegt, að afleiðingar þess myndu að minsta kosti á næsta ári draga að mun úr aðflutningum til landsins, og þá jafnframt að meiru eða minnu leyti hefta framleiðslu í landinu.

Það virðist því full ástæða til að áætla varlega tekjur af útfluttum og innfluttum vörum, sjerstaklega fyrra árið. Auðvitað getur tekjuáætlunin aldrei orðið nákvæm, eins og nú stendur á; hún verður að meiru eða minnu leyti að byggjast á likum fyrir inn- og útflutningi, þótt hafa megi nokkra hliðsjón af tekjum undanfarinna ára.

Um hinar einstöku tillögur nefndarinnar skal það tekið fram, sem hjer segir:

Nefndin hefir lagt til að hækka tekjuskatt fyrra árið um 20000 kr., eða úr 50000 í 70000 kr. Þessa tillögu sína byggir nefndin á því, að nú er fyrir þinginu frv. til laga um breytingu á tekjuskattslögunum. Ef þetta frv. verður samþykkt, sem telja má nokkurn veginn víst, þá ætti tekjuskatturinn að hækka talsvert á næsta ári, þar sem árið 1916 mátti heita allgott ár til lands og sjávar, og enginn verulegur afturkiptur þá kominn í sjávarútveginn, en af þeim atvinnuvegum mun mega búast við mestu af skattinum. Hins vegar þótti nefndinni ekki fært að áætla tekjuskattinn eins háan síðara árið, því að fyrirsjáanlegt er, að framleiðslan verður miklu minni þetta ár en síðastliðið ár.

Nefndin leggur til, að vitagjald verði fyrra árið lækkað um 15000 kr. — Það má telja nokkurn veginn víst, að meðan stríðið stendur yfir verði mjög lítið um skipakomur til landsins, svo að vitagjald fyrir árið 1918 mun vera nægilega hátt áætlað 35000 kr., enda þótt lög um hækkun á því gjaldi verði afgreidd á þessu þingi.

Tóbakstollinn vill nefndin lækka um 50000 kr. hvort árið, þótt hliðsjón væri höfð af því frumv., sem nú liggur fyrir þinginu, um hækkun á þessum tolli, þá má gera ráð fyrir, að innflutningur á tóbaki verði nokkru minni á næsta fjárhagstímabili en undanfarin ár, ef marka má af því, hvað dregið hefir úr honum á þessu yfirstandandi ári.

Kaffi- og sykurtoll og vörutoll þykir nefndinni ekki varlegt að áætla meiri en 450000 kr. fyrra árið hinn fyrnefnda og 275000 kr. hinn síðarnefnda. Eftir

Því sem stríðið varir lengur, má búast við, að innflutningur á þessum vörutegundum minki að miklum mun, bæði vegna siglingateppu og erfiðleika á að fá vörurnar í öðrum löndum. Hins vegar hefir nefndin ekki viljað lækka áætlunina á þessum tollum síðara árið, í þeirri von, að viðskiftin verði þá aftur komin í betra horf.

Nefndin leggur til, að pósttekjur verði hækkaðar um 50000 kr. á ári, og byggir þá hækkun á því, að telja má nokkurn veginn víst, að lög verði afgreidd frá þessu þingi, sem ákveða allmikla hækkun á burðargjaldi.

Þá leggur nefndin til, að örlitil breyting verði gerð við 5. gr. frv. Sú breyting fer fram á að prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli sje ekki skylt að sljetta meira en 5 dagsláttur á þessum 2 árum fyrir árgjaldið af prestakallinu, kr. 142,38. Sá prestur, sem hjer á hlut að máli, hefir skrifað Alþingi og tekið það skýrt fram, að hann teldi harðari skilyrði óaðgengileg. En þar sem nefndin lítur svo á, að hag prestakallsins sje vel borgið með að verja árgjaldinu á þennan hátt, þá mælir hún eindregið með, að þessi litla breyting nái fram að ganga.

Samkvæmt því, sem hjer að framan er sagt, leggur því nefndin til, að tekjuáætlun sú, sem gerð er í frumvarpinu, verði færð niður í heild sinni um 70000 kr. á fjárhagstímabiliinu. En þótt nefndin vildi ekki ganga lengra í tillögum sinum, þá dylist henni ekki, að miklar líkur eru til, að tekjuhallinn á næsta fjárhagstímabili verði að mun meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. En um slíkt er ekkert hægt að fullyrða, og verður því að láta reynsluna skera úr því.

Alþingi, 6. sept. 1917.

H. Hafstein,
form.

H. Steinsson,
skrifari og framsögum.

Guðm. Ólafsson.